

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 17. desember 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðaröryggi á ÍR-svæði

Lagt er til að ráðist verði í aðgerðir til að auka umferðaröryggi á og við svæði Íþróttafélags Reykjavíkur við Skógarsel. Ráðast þarf í peruskipti/viðgerð götulampa á bílastæðinu og auka lýsingu þar almennt. Einnig þarf að afmarka skýra og upplýsta gönguleið fyrir iðkendur framhjá bílastæðinu út á Skógarsel og að biðstöðvum strætisvagna, sem þar eru.

Greinargerð:

Daglega sækir fjöldi barna og unglinga íþróttæfingar eða annað æskulýðsstarf á svæðinu og leggur þá leið sína yfir bifreiðastæði félagsins þar sem umferðaröryggi er ábótavant.